

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1963

17. október.

417

Nr. 184.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 17. okt. 1962, um verkstjóranámskeið.

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Þátttakandi skal hafa starfað a. m. k. þrjú ár við starfsgrein sína eða hlotið aðra þá starfsreynslu, er stjórn námskeiðanna telur jafngilda því, og vera starfandi verkstjóri, þegar umsókn um þátttöku er samþykkt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um verkstjóranámskeið, nr. 49 23. marz 1961, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 17. október 1963.

Bjarni Benediktsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

25. október.

Nr. 185.

AUGLÝSING

um fundarsköp fyrir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitar-málefni.

Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, nema hann sé jafnframt kjörinn hreppsnefndarmaður.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita, og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, sem og annarra starfsmanna (nefnda), sem hreppsnefnd kýs. Þá skal hreppsnefnd ráða sér fundarritara, og skal hann jafnan vera einn hreppsnefndarmanna. Starfstíma hans ákveður hreppsnefnd.

B 53